

SAMÞYKKT**21**

10. apríl

um

viðauka við samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað frá 12. apríl 1921.

Svo hljóðandi viðauki bætist aftan við 2. málsgrein 2. greinar samþykktarinnar:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal öllum sölubúðum lokað á laugardögum kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING**22**

17. apríl

um

bann við umferð bifreiða.

Með skírskotun til auglýsingar ráðuneytisins 19. nóvember f. á., um bann gegn bifreiðaumferð um nokkra tiltekna vegi, hefir ráðuneytið enn fremur ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu, frá þessum degi að telja til 10. júní þ. á., leggja við bifreiðaumferð um sýsluvegi í Skagafjarðarsýslu og í Vestur-Húnavatnssýslu.

Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að veginir liggi mjög undir skemmdum vegna bleytu eða holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.